

Stjórnarfundur í Félagi lóðarhafa að Kiðjabergi

Fundur stjórnar 28.apríl 2025 kl. 20:00 haldinn í Grósku að Bjargargötu 1. Reykjavík.

Mættir voru: Stefán Pétursson, Bjarni Sigurðsson, Magnús Magnússon, Sigrún Sjöfn Helgadóttir og Sigurlína Gunnarsdóttir.

1. Farið var yfir dagskrá komandi aðalfundar, tekjur og gjöld yfirfarin ásamt rekstraráætlun.
2. Ákveðið var að reyna að fá einhverja félagsmenn til að sjá um og fá hugmyndir að skemmtun um Jónsmessu. Stjórn er sammála um að samfélagið snýst mjög mikið í kringum GKB, sem er af hinu góða, en það væri einnig gott að geta verið með viðburði sem hugnast félagsmönnum sem eru e.t.v. ekki í golfi
3. Rætt var um beiðni Kristínar Magnúsdóttur í Arnarbæli varðandi aðgang að vatnsveitu okkar í FLK fyrir einn bústað sem hún er með í byggingu og var tekið vel í erindið.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og fundi slitið kl. 21:15.

Sigrún Sjöfn Helgadóttir ritari.